

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 1. febrúar 2021

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð (369. mál á 151. löggjafarþingi 2020–2021).

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 11. desember sl. þar sem náttúrustofum og Samtökum náttúrustofa er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð. Í stað þess að senda inn níu umsagnir ákváðu náttúrustofur landsins að senda inn eina sameiginlega umsögn í nafni Samtaka náttúrustofa.

Með stofnun Hálendisþjóðgarðs á Íslandi verður hátt hlutfall af flatarmáli lands okkar og náttúru verndað. Samtök náttúrustofa fagna frumvarpinu í heild sinni og styðja það en telja mikilvægt að benda á eftirfarandi atriði til að gera það enn betra:

Í fyrsta lagi má benda á að Hálendisþjóðgarður er persónugerður á þó nokkuð mörgum stöðum, en slíkt getur skapað rugling um ábyrgð og framkvæmd þeirra atriða sem um ræðir. Hálendisþjóðgarður mun ekkert gera án starfsfólks. Því væri réttara að tala um starfsfólk, landverði, þjóðgarðsverði, svæðisstjórn, stjórn eða framkvæmdastjóra eftir því sem við á, á þeim stöðum sem nú er talað um Hálendisþjóðgarð sem persónu.

3. gr. fjallar um markmið Hálendisþjóðgarðs og eru þau talin upp í 10 liðum. Þjóðgarði er ætlað að vernda náttúru, sögu og menningu og því væri rétt að telja fyrst upp markmiðin sem þeim þáttum tengjast og því næst að lista upp markmið um stjórnun og aðgengi. Því er lagt til að liðir 7, 8, og 9 komi strax á eftir 1. lið áður en það sem nú er í 2. lið er talið upp. Þannig væru markmiðin í 3. gr. að kallast á við 1. gr.

3. gr. töluliður 7 er um rannsóknir og fræðslu. Þarna er sjálfsagt átt við rannsóknir í þjóðgarðinum en þetta mætti orða skýrar. Í greinargerðinni (bls. 27) segir: „Þá er það einnig markmið með stofnun þjóðgarðs, sbr. 7. tölul., að stuðla að rannsóknum og fræða um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans“. Þarna þyrfti að bæta við skýrari orðum um að rannsóknir fari fram í þjóðgarðinum. Ekki er talað nóg um rannsóknir innan Hálendisþjóðgarðs, bæði tengt náttúru, samfélagi og öðrum sviðum þó svo að það sé tilgreint í 1. gr. að lög um náttúruvernd gildi í Hálendisþjóðgarði. Með rannsóknum á öllum sviðum er hægt að tryggja betri og markvissari vernd og stýringu svæðisins til framtíðar.

8. gr. fjallar um stjórn Hálendisþjóðgarðs. Ekki er tilgreint sérstaklega hvernig greiðslur eigi að vera til stjórnar og umdæmisráðs fyrir vinnu sína. Í dag eru greiðslur til svæðisráða ekki eins á öllum svæðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Fulltrúar útivistarsamtaka, umhverfissamtaka og aðrir eru í sjálfboðavinnu vegna hugsjóna sinna eða stundum á launum hjá sínum vinnuveitenda. Því þarf að hafa þetta skýrt í lögum, eða a.m.k. með reglugerð. Með ósamræmi í því hvernig fólk fær greitt fyrir vinnu sína getur auðveldlega skapast togstreita, ójafnvægi og hvatning verið mismikil að mæta á fundi.

14. gr. fjallar um stjórnunar- og verndaráætlun. Þar eru talin upp atriði sem m.a. snúa að endurheimt vistkerfa, vöktun, landnýtingu og fleira. Ekkert er tilgreint um rannsóknir. Þarna þarf að tilgreina að stjórnunar- og verndaráætlun fjalli líka um rannsóknir og að mati undirritaðra þyrfti einkum og sérstaklega að geta náttúrurannsókna. Í núverandi stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð frá 2013 koma orð sem innihalda „rannsókn“ í einhverju formi fyrir 75 sinnum og orðið vöktun kemur fyrir 11 sinnum. Sá mikilvægi grundvöllur sem felst í rannsóknum ætti að vera getið í 14. gr. sem þáttur sem þarf að gæta vel að í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hálendisþjóðgarð.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Dr. Erpur Snær Hansen, formaður SNS
